

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík  
[umsagnir@althingi.is](mailto:umsagnir@althingi.is)

Reykjavík, 8. apríl 2024.

**Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 144 – 144. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 144 – 144. mál. Félagið lýsir eindregnum stuðningi við tillöguna.

Hér er um að ræða tillögu sem var áður lögð fram á 152. löggjafarþingi og 153. löggjafarþingi (49. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Félagsráðgjafafélag Íslands veitti umsögn við málið með bréfi dags. 29. nóvember 2022 og ítrekar hér með afstöðu sína. Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni undirrituðu íslensk stjórnvöld Samnig sameinuðu þjóðanna (SP) um réttindi fatlaðs fólks í mars 2007 og á sama tíma valfrjálsa bókun um kæruleið fyrir einstaklinga og hópa einstaklinga vegna brota á samningnum. Með þessum viðauka opnast kæruleið fyrir fatlað fólk sem telur að íslensk stjórnvöld hafi ekki veitt þeim þann rétt sem þeim ber samkvæmt samningnum og hafa fullreynt að ná fram rétti sínum innan íslenska stjórnkerfisins og dómskerfisins.

Árið 2016 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um fullgildingu valkvæða viðaukans við samning SP fyrir árslok 2017. Nú fimm árum síðan hefur það ekki verið gert sem lýsir ekki einungis áhugaleysi um vernd mannréttinda fatlaðs fólks heldur einnig virðingarleysi gagnvart vilja Alþingis.

Vill Félagsráðgjafafélag Íslands skora á ríkisstjórn og Alþingi að ljúka þessu mikilvæga verkefni að fullgilda viðaukan eins og samþykkt var á Alþingi árið 2016. Með því verður stuðlað að aukinni vernd þeirra réttinda sem koma fram í samningi SP um réttindi fatlaðs fólks og opnað á sambærilega kæruleið sem er til staðar vegna alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
Formaður